

Smábátahöfn við Brjánslæk, Vesturbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 10. desember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hafnarsjóði Vesturbyggðar um fyrirhugaða smábátahöfn við Brjánslæk, Vesturbyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.18 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Smábátahöfn á Brjánslæk, Vesturbyggð. Matsskyldufyrirspurn. Hafnarsjóður Vesturbyggðar. Desember 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Vesturbyggð 22. desember 2021, Hafrannsóknastofnun 11. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 22. desember 2021, Minjastofnun Íslands 11. janúar 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 10. janúar 2022, Samgöngustofu 4. janúar 2022, Umhverfisstofnun 26. janúar 2022 og Vegagerðinni 12. janúar 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér efnistöku og byggingu 123 m grjótgarðs og smábátahöfn norður af núverandi hafnargarði innan hafnarsvæðis Brjánslækjarhafnar. Gert er ráð fyrir að efnispörf til framkvæmdarinnar verði alls 28.000 m³ af grjóti og kjarnaefni sem sótt verður úr grjótnámu í grennd. Hluti efnisins, um 8.000 m³ koma úr skeringum vegna vegagerðar í Penningsdal. Þegar byggingu grjótgarðsins lýkur verður steiptum landstöpli komið fyrir og flotbryggja fest við hann. Timburbryggja frá árinu 1967 verður að endingu fjarlægð.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hafnarsjóðs Vesturbyggðar og umsögnum umsagnaraðila.

Fram kemur að áhrif framkvæmdar séu einna helst talin staðbundin áhrif á botndýralíf sem fari undir nýjan grjótgarð. Innan nýs brimvarnargarðs er að finna þangfjörur, samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar en fjörunar ættu ekki að verða fyrir neikvæðum áhrifum. Þekkt selalátur er frá Hjarðarnesi að Vatnsfirði, en framkvæmdin er hvorki talin hafa áhrif á það né fuglalíf á svæðinu. Efni verður tekið úr opinni námu og eru áhrif efnistökkunnar á náttúrufar því talin óveruleg.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að um sé að ræða framkvæmd á skilgreindu hafnarsvæði Brjánslækjarhafnar. Samkvæmt rannsóknum sem framkvæmdaraðili vísar í, er það svæði sem mun verða undir grjótgarði klöpp með 1-2 m þykku sandlagi ofan á. Því er fremur ólíklegt að rask vegna grjótgarðarins verði á svæði sem býr yfir miklum líffræðilegum fjölbreytileika.



Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að gæta þess að umhverfið spillist ekki að óþörfu vegna framkvæmdarinnar þar sem fjörur og eyjar á þessu svæði njóta verndar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að umhverfi Brjánslækjarhafnar sé töluvert raskað en enn eru lítt snortnar þangfjörur bæði norðan og sunnan við hafnarsvæðið. Ljóst er þó að gerð 123 metra langs grjóttgarðs mun valda raski á grunnsævisbúsvæðum þörungum og sjávardýra. Ekki er þó um mjög stórt svæði að ræða og er það þegar undir álagi vegna nálægðar við núverandi höfn.

Fram kemur að framkvæmdin sé innan friðlands Breiðafjarðar og taka þurfi fullt tillit til þess á framkvæmdatíma og m.a. koma í veg fyrir allt óþarfa rask sem gæti haft áhrif á lífríki svæðisins. Til dæmis ætti að forðast framkvæmdir á varptíma fugla, sérstaklega þegar t.d. æðarfuglar eru með unga á svæðinu. Þá þarf að tryggja mengunarvarnir þ.m.t. vegna gruggmyndunar. Jákvætt er að smábátahöfninni sé valinn staður við núverandi höfn þar sem náttúru hefur verið raskað frekar en að velja nýtt svæði á óröskuðum stað innan friðlandsins. Mikilvægt er að huga að áhrifum af rekstri smábátahafnarinnar á lífríki svæðisins. Viðkvæm búsvæði eins og selalátur, varpsvæði hafarnar og fleiri fuglategunda og fjörusvæði sem eru viðkomustaðir farfugla eru í Vatnsfirði og næsta nágrenni.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035. Vinna við gerð deiliskipulags sem tekur til Brjánslækjarhafnar er hafin.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

6 Niðurstaða

Um er að ræða áform um byggingu grjóttgarðs við Brjánslæk og efnistöku sem svarar til 28.000 m³ af grjóti og kjarnaefni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.18 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda og ónæði sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá skal skoða áhrif með tilliti til hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Ekki er um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða en viðbúið er að framkvæmdin muni valda staðbundnu raski á grunnsævisbúsvæðum þörungum og sjávardýra. Ekki er þó um stórt svæði að ræða sem verður fyrir raski og er það þegar undir álagi vegna nálægðar við núverandi höfn. Ásýnd hafnarsvæðisins á eftir að breytast nokkuð með tilkomu mannvirkjanna, en fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar, auk svæðis sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Fuglasvæðið er afar víðfeðmt eða um 350.000 ha. Að mati Skipulagsstofnunar eru áhrif á fugla vegna mannvirkjagerðar líkleg til að vera minniháttar vegna takmarkaðs umfangs framkvæmdarinnar. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að viðkvæm búsvæði eins og selalátur, varpsvæði hafarnar og fleiri fuglategunda og fjörusvæði sem eru viðkomustaðir farfugla séu í næsta nágrenni. Í ljósi framangreinds telur Skipulagsstofnun að helstu



áhrif á fuglalíf verði vegna ónæðis á framkvæmda- og starfstíma með aukinni umferð um hafnarsvæðið. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Náttúrufræðistofnunar um að taka þurfi fullt tillit til þess á að framkvæmdin er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Brýnt er að koma í veg fyrir allt óþarfa rask sem gæti haft áhrif á lífríki svæðisins. Forðast skal að valda truflun á varptíma fugla, sérstaklega þegar t.d. æðarfuglar með unga eru á svæðinu og að auki þarf að tryggja mengunarvarnir þ.m.t. gegn gruggmengun. Skipulagsstofnun telur að svo fremi sem tekið verður tillit til framangreindra atriða séu áhrif framkvæmdarinnar á lífríki, náttúruverndarsvæði og ásjúnd ekki líkleg til að verða veruleg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. mars 2022.

Reykjavík, 1. febrúar 2022.

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson